



LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK  
Hverfisgötu 115 – Sími 569 9000 – Telefax 569 9099

Alþingi  
Erindi nr. P 123/1054  
komudagur 22.2.1999

HNN/ami

Reykjavík, 22. febrúar 1999

Með bréfi allsherjarnefndar Alþingis, dagsettu 8. þ.m., barst þessu embætti til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, 354. mál. Með bréfum dagsettum sama dag bárust embættinu til umsagnar tvö önnur lagafrumvörp. Undirritaður fékk frumvörpin til athugunar 15. þ.m. Í bréfi allsherjarnefndar var óskað eftir því að umsagnir bærust eigi síðar en 16. þ.m. Undirritaður hafði samband við nefndarritara, sem veitti frest til dagsins í dag.

Af hálfu embættisins þykir ein vika óeðlilega skammur tími til að skila umsögn í jafn efnismiklu og þýðingarmiklu frumvarpi sem hér um ræðir, ef ætlast er til að umsagnaraðilar skili umsögnum sem að gagni komi þingmönnum. Þrátt fyrir þetta leggur embættið áherslu á að skila umsögn, en skoða verður hana í ljósi þess skamma tíma sem var til verksins. Embættið telur margt athugunarvert við frumvarpið og verður hér aðeins stiklað á því allra helsta. Má þar m.a. nefna eftirfarandi atriði:

Samkvæmt 4.–13.gr. frumvarpsins er ætlunin að breyta VI. kafla laganna um sakborning og verjanda. Í því sambandi má í fyrsta lagi benda á, að framkvæmdin við skipun verjanda er orðin sú, að dómara skipa sakborningum undantekningarlaust verjanda á rannsóknarstigi þegar þess er óskað, þrátt fyrir að eingöngu sé um heimildarákvæði fyrir dómara að ræða. Verður ekki séð, að þó bætt verði við nógildandi ákvæði að dómari skuli meta með tilliti til eðlis brots og allra aðstæðna hvort að ástæða sé til skipunar verjanda, að framkvæmdin muni breytast. Því verður að telja að ákvæði 37.gr. laganna um talsmann sé að öllu leyti óþarft. Þessi ákvæði þarfnast endurskoðunar í mun meira mæli en lagt er til hér og verður að telja óheppilegt, að þær breytingar sem lagðar eru til nái fram að ganga og æskilegra að láta þær bíða heildarendurskoðun ákvæðanna síðar. Í þessu sambandi má benda á umfjöllun um þessi ákvæði í handbók um meðferð opinberra mála, útgefna af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 1992. Sú umfjöllun er í veigamiklum atriðum í andstöðu við framkvæmdina eins og hún hefur verið undanfarin ár.

Samkvæmt 12.gr. frumvarpsins er lagt til að lögreglu verði skylt að afhenda verjanda jafnskjótt og unnt er endurrit af öllum skjölum er málið varðar svo og aðstöðu til að kynna sér önnur gögn sem ekki verða endurrituð. Óljóst er hvaða skyldu er verið að leggja á lögregluna með þessu ákvæði. Er hér verið að gera lögreglunni skylt að láta verjanda vita þegar gögn berast í málið eða skýrsla hefur verið tekin eða ber lögreglunni sjálfkrafa að senda verjanda afrit skjalanna.

Jafnframt kemur fram í sömu grein, að lögreglan geti neitað að veita verjanda aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum í allt að eina viku frá því að þau urðu til eða komust í vörslur hennar, ef hún telur að það geti skaðað rannsókn málsins. Í athugasemdum með frumvarpinu er tekið fram að um verði að ræða algera undantekningu, sem eingöngu beri að beita þegar sérstaklega stendur á og verulegir hagsmunir eru í húfi. Ákvæði þetta mun gera lögreglu erfitt fyrir. Rannsókn veigamikilla mála þar sem rannsóknarhagsmunir eru miklir, án þess að ástæða sé til að krefjast gæsluvarðhalds, getur tekið miklu lengri tíma en eina viku og getur það verið lögreglunni mikilvægt að halda gögnum leyndum í lengri tíma.

Samkvæmt 23.gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að lögregla leiti til dómara og óski eftir því, að skýrslur verði teknar fyrir dómi af sakborningi, brotþola eða vitnum til að upplýsa mál áður en verjandi fær aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum þess og eingöngu þá geti dómari framlengt fyrirnefndan vikufrest í allt að 3 vikur. Verður að telja það óeðlilegt og óæskilegt að færa verði rannsókn málsins fyrir dómstóla til að fá frestinn framlengdan.

Samkvæmt 14.gr. frumvarpsins á að bæta inn í löginn nýjum kafla um brotþola og réttargæslumann. Greinilegt er að ætlunin er að gera brotþola að eiginlegum aðila málsins. Mun það hafa í för með sér verulegar breytingar við meðferð mála bæði fyrir lögreglu og dómi. Sérstaklega þykir umhugsunarverður sá réttur sem réttargæslumaður brotþola á að hafa við aðalmeðferð mála fyrir dómi. Einnig verður að telja það varhugavert að réttargæslumaður brotþola fái aðgang að öllum gögnum málsins við þingfestingu þess og geti þá afhent þau brotþola, þar sem að brotþoli hefur oft mikilla hagsmuna að gæta og á eftir að gefa framburð sinn fyrir dómi.

Sú athugasemd er gerð við 25.gr. frumvarpsins að nú er að störfum nefnd á vegum dómsmálaráðuneytisins sem fjallar um svokallaðar sérstakar eða óhefðbundnar rannsóknaraðferðir. Eitt af verkefnum nefndarinnar er að leggja til breytingar á lögum í þessu sambandi, m.a. á 86.-88.gr. laga um meðferð opinberra mála. Skýrsla nefndarinnar er væntanleg á næstu vikum og verður þar um að ræða heildarúttekt á stöðunni hér á landi í þessum efnum. Í ljósi þessa þykir óeðlilegt að nú verði gerðar þær breytingar á 87.gr. sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Í 29.gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að dómari ákveði stað og stund til þinghalds þar sem mál verður þingfest án samráðs við ákæranda málsins. Það samráð sem verið hefur í samskiptum dómara og ákæranda að þessu leyti hefur gefist vel, sbr. 1.mgr. 120.gr. laga um meðferð opinberra mála. Er þessari breytingu því mótmælt harðlega. Ekki verður séð af athugasemdum við frumvarpið hver tilgangurinn er með þessari breytingu. Mun þetta ótvírætt hafa í för með sér óhagræði bæði fyrir dómara og ákærendur og skapa óvissu um hvort ákærandanum er mögulegt að mæta á þeim tíma sem dómari hefur ákveðið.

Hér hefur verið komið að örfáum ábendingum af hálfu embættisins en sökum frestsins sem embættið fékk til umsagnar var ekki möguleiki á að skoða

frumvarpið með þeim hætti sem æskilegt hefði verið fyrir svo þýðingarmikið efni. Undirrituðum er efnislega kunn úmsögn ríkissaksóknara varðandi þetta frumvarp og er sammála henni. Ljóst er að frumvarp þetta felur í sér grundvallarbreytingar í opinberu réttarfari og felur í sér viðamiklar breytingar á störfum lögreglu. Ekki verður séð, að svo brýn þörf sé á þeim breytingum sem í frumvarpinu greinir, að nánari skoðun geti ekki farið fram.

Með vísan til framangreinds getur lögreglustjóraembættið í Reykjavík ekki mælt með því að frumvarpið verði að óbreyttu samþykkt og telur reyndar hentugt, að það sé eingöngu lagt fram til kynningar á þessu þingi.

  
saksóknari

Nefndasvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík.